

2323. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn miðvikudaginn 22. janúar 2025 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Ingi Sigurðsson varaformaður
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Hildur Jóna Þorsteinsdóttir
Orri Vignir Hlöðversson
Pálmi Haraldsson
Sveinn Gíslason
Tinna Hrund Hlynsdóttir
Unnar Stefán Sigurðsson

Á Teams:

Allir

Forföll:

Þorkell Máni Pétursson

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri
Ómar Smáráson samskiptastjóri sem ritaði fundargerð
Haukur Hinriksson yfirlögfræðingur

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar
 - a. Lögð fram fundargerð síðasta stjórnarfundar (fundur nr. 2322). Fundargerðin verður send í rafræna undirritun.
2. Ársþing KSÍ
 - a. Haukur Hinriksson yfirlögfræðingur KSÍ fór yfir greinargerðir og tillögur starfshópa um dómstig KSÍ, tímasetningu ársþings KSÍ og framkvæmd leyfiskerfis KSÍ. *Stjórn KSÍ samþykkti að leggja tillögur um dómstig og framkvæmd leyfiskerfis fyrir ársþingið 22. febrúar og samþykkti jafnframt að leggja greinargerð um tímasetningu ársþings fram á þinginu til umræðu undir dagskrárliðnum önnur mál.* Þá stiklaði Haukur á stóru um aðrar tillögur sem borist hafa skrifstofu KSÍ og verða lagðar fyrir ársþing KSÍ þann 22. febrúar.
3. Önnur mál
 - a. Þorvaldur Örlygsson formaður og Sveinn Gíslason stjórnarmaður fjölluðu um skattamál íþróttahreyfingarinnar almennt og um málefni knattspyrnunnar sérstaklega. Stiklað var á stóru um skattaumhverfið og m.a. um leiðbeiningar ríkisskattstjóra um skattheimtu á íþróttastarfsemi. Þá var farið sérstaklega yfir ýmsa þætti tengda launamálum leikmanna, þjálfara og annars starfsfólks félaganna (launþegar / verktakar). Stjórn ræddi málið ítarlega, ýmsar aðstæður og ýmis dæmi, og fór yfir framhaldið og möguleg næstu skref.
 - b. Ingi Sigurðsson varaformaður fór yfir málefni tengd Þjóðarleikvangi ehf. og kynnti m.a. drög að þjónustusamningi milli borgar, ríkis og KSÍ um starfsemi Þjóðarleikvangs ehf. *Stjórn KSÍ samþykkti eftirfarandi bókun vegna Þjóðarleikvangs ehf. og þjónustusamnings um starfsemi félagsins.*
 - i. „Í ljósi breyttra forsenda ríkis og borgar um framkvæmdir á Laugardalsvelli telur stjórn KSÍ mikilvægt að halda áfram aðkomu KSÍ með ríki og borg að starfsemi

Þjóðarleikvangs ehf. þær framkvæmdir sem eru nú í gangi á Laugardalsvelli eru fyrsti fasi í uppbyggingu núverandi leikvangs og gegnir stjórn Þjóðarleikvangs ehf. þar því hlutverki að sinna eftirlitsskyldu fyrir eigendur félagsins í þeim tilgangi að forsendur verksins gangi eftir út frá framlögum borgar og ríkis. Félagið fær einnig það verkefni að undirbúa næstu áfanga vegna framtíðaruppbyggingar á Laugardalsvelli í samstarfi við KSÍ þannig að íþróttamannvirkið uppfylli alþjóðlegar kröfur. Ákvörðun um núverandi framkvæmdir á Laugardalsvelli er eftir sem áður tekin af ríki og borg þar sem þeir aðilar stýra því hvar þjóðarleikvangur í knattspyrnu er staðsettur. Stjórn KSÍ telur verulega mikilvægt að sem allra fyrst verði hafist handa að vinna að undirbúningi við endurbætur á aðstöðu leikmanna, þjálfara, dómara og eftirlitsaðila sem uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til þjóðarleikvanga innan UEFA. Þær framkvæmdir þurfa að framkvæmast sem allra fyrst svo Laugardalsvöllur verði ekki lengur á undanþágu varðandi þá aðstöðu. Stjórn KSÍ vonast til að eiga áframhaldandi gott samstarf við ríki, borg og Þjóðarleikvang ehf. um það verkefni sem er hafið við endurbætur og framtíðaruppbyggingu Laugardalsvallar út frá breyttum forsendum.

- ii. Fyrir stjórn liggja drög að þjónustusamningi sem fyrirhugað er að eigendur Þjóðarleikvangs ehf. gera með sér um starfsemi félagsins, og gildir samningurinn til 31.12.2025. Forsendur samningsins eru þær að breytingar hafa átt sér stað á upphaflegum áformum sem fela það í sér að ekki stendur til að byggja nýjan leikvang í fyrirsjáanlegri framtíð heldur verður leitast við að nýta núverandi íþróttamannvirki að því marki sem hægt er með nauðsynlegum endurbótum. Stjórn KSÍ samþykkir fyrirliggjandi samningsdrög og felur formanni og framkvæmdastjóra KSÍ að undirrita umræddan samning fyrir hönd Knattspyrnusambands Íslands.“*

- c. Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri tók upp þráðinn frá stjórnarfundi 15. janúar þar sem rætt var um fyrirkomulag á greiðslum til félaga vegna bikarkeppni KSÍ (Mjólkurbikarinn). Margir stjórnarmenn tóku til máls og ræddu umgjörð bikarkeppni KSÍ almennt - tekjumöguleika og kostnað, markaðsmál og keppnisfyrirkomulag. Stjórn KSÍ samþykkti að halda fyrirkomulagi á greiðslum til félaga óbreyttu á árinu 2025 en jafnframt var framkvæmdastjóra falið að taka málið upp að loknu komandi keppnistímabili.*

Fundi slitið kl. 17:45.

Fundarritari: Ómar Smáráson

Næstu fundir boðaður miðvikudaginn 29. janúar, 12. febrúar og 21. febrúar.